JÖFN OG FRJÁLS

MÁLGAGN UNGRA JAFNAÐARMANNA
OKTÓBER 2014

Skrifar konurnar aftur inn í söguna

Viðtal við Önnu Gyðu Sigurgísladóttur

TÍU GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR ESB AÐILD

UNGIR JAFNAÐARMENN Á RÖKSTÓLUM

GRÆNN SÓSÍALISMI

SÓLSTRANDARSÓSÍALISTAR

KRATAKVISS

MYNDIR ÚR STARFI UJ Í ÁR

#UNGJOFN

JÖFN & FRJÁLS

JÖFN OG FRJÁLS er málgagn Ungra jafnaðarmanna

Málgagnið Jöfn og frjáls hefur komið út í nokkur ár með mismiklu millibili. Í ár kemur ritið út fyrst og fremst á internetinu sem vefrit og prentað í fáum eintökum.

• • • •

Með aukinni umferð um netið og minnkandi eftirspurn eftir prentuðu efni þótti tilfallið að láta reyna á Jöfn og frjáls í formi vefrits. Slíkt er fallið til að draga úr kostnaði við blaðið og auka dreifingu á því.

• • • •

Jöfn og frjáls er málgagn félagsmanna UJ. Hvaða félagsmanni sem er gefst kostur á að skrifa fyrir ritið og skila inn greinum um sín eigin hugðarefni sem tengjast íslenskum stjórnmálum, alþjóðamálum og jafnaðarstefnunni.

• • • •

Ritið á að virka sem vettvangur fyrir meðlimi UJ til að koma hugmyndum sínum, hugsjónum og áhyggjum á framfæri í gegn um greinaskrif. Greinarnar endurspegla skoðanir þeirra sem þær rita og eru ekki endilega stefna UJ.

• • • •

Vonandi getur þú, kæri lesandi, notið blaðsins, baðað þig í skoðunum greinahöfunda og verið þeim ýmist sammála eða ósammála. Von okkar í UJ er að þetta rit verið áframhaldið af fjölmörgum pólitískum ritum á vegum Ungra jafnaðarmanna um komandi ár.

• • • •

JÖFN OG FRJÁLS er gefið út af Ungum jafnaðarmönnum.
Ritstjóri: Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Ritstjórn: Ída Finnbogadóttir, Natan Kolbeinsson, Óskar Steinn Ómarsson, Sema Erla Serdar, Sigrún Skaftadóttir, Stefán Rafn Sigurbjörnsson.

Prófarkarlestur og andlegur stuðningur við ritstjóra: Þórarinn Snorri Sigurgeirsson
Umbrot og uppsetning: Stefán Rafn Sigurbjörnsson
Forsíðumynd: Halla Þórlaug Óskarsdóttir

WWW.POLITIK.IS

LEIÐARI

ERU STJÓRNMÁL FYRIR ALLA?

Ef við lítum yfir litla míkró-samfélagið sem hið háa Alþingi Íslendinga er, er nokkuð augljóst að hópurinn er einkar einsleitur. Uppistaðan eru hinir nafntoguðu miðaldra hvítu karlmenn og næsti hópur á eftir þeim eru miðaldra hvítar konur. Þrátt fyrir að síðasti forsætisráðherra landsins hafi verið fyrsti opinberlega samkynhneigði kjörni forsætisráðherra heimsins er enginn á Alþingi í dag opinberlega samkynhneigður eða fulltrúi hinsegin samfélagsins. Það þýðir að hinsegin fólk, sem gæti verið á bilinu 12 til 15% þjóðarinnar ef allir hópar eru
taldir með (sam-, tví- og pankynhneigðir, ókynhneigðir, trans og intersex) hafa engan fulltrúa á þingi en ættu að hafa 7-9. Allir aðalþingmenn eru af íslensku bergi brotnir og skjanna-hvítir á hörund, (fyrir utan Árna Pál, en litaraft hans orsakast af öðrum þáttum en kynþætti). Á Íslandi eru ríflega 9000 íbúar fæddir í Póllandi. Þó fæstir þeirra séu með íslenskan ríkisborgararétt, þá borga allflestir þeirra skatta, en eiga sér engan fulltrúa. Á Alþingi er hvorki 1,8 þingmaður af pólsku bergi brotnu, né heldur neinn annar fulltrúi inn-flytjenda. Fólk á aldrinum 18-30 eru um 19% þjóðarinnar. Þar af leiðandi gæti viðmiðunarfjöldi þingmanna undir þrítugu verið um 11, en þeir eru 2 (og eiga þann vafasama heiður að verma 1. og 2. sætið í keppninni um hvaða þingmaður talaði minnst á síðasta þingi).Já, þingmannahópurinn samsvarar illa fjölbreytni Íslendinga og hafa hér aðeins örfáir þættir verið tíundaðir. Ennþá er talsverður kynjahalli, en merkilega margir skarta húðflúri, -eða 23% samkvæmt óformlegri könnun vefritsins Nútímans. Þegar litið er á heildarframboðslista flokkanna er þó öldin önnur. Flestir flokkar leitast við að endurspegla fjölbreytileikann á listum sínum og reyna að tikka í sem flest box hvað varðar þjóðerni, kynhneigð og aldur. Þrátt fyrir það raðast einsleitur hópur í efstu sætin, sem eru þeir sem raunverulega hljóta sæti á Alþingi.

Nýverið kynnti Stefan Löfven, formaður jafnaðarmanna í Svíþjóð, ríkisstjórn sína þar sem að ráðherrasæti eiga meðal annars tveir einstaklingar fæddir í Tyrklandi, einn í Íran, einn í Bosníu og einn af gambískum bak-grunni. Jafnframt eru tveir ráðherrar undir þrítugu. Allt er þetta duglegt og gott fólk sem á hlutverk sín fyllilega skilið, óháð bakgrunni, en þrátt fyrir það hlýtur maður að spyrja sig; hvað veldur skorti á fjölbreytileika í íslenskum stjórnmálum?

INGA AUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
RITSTJÓRI

ERT ÞÚ AÐ STYRKJA AÐSKILNAÐARSTEFNU ÍSRAELS?

Hið alþjóðlega ákall um sniðgöngu, fjárlosun og þvinganir gegn ísraelskum stjórnvöldum, þar til þeir fara að alþjóðalögum og viðurkenna grundvallarréttindi Palestínumanna, kom fyrst fram árið 2005, en þann 9. júlí árið 2005, ári eftir að Alþjóðlegi glæpadómstólinn ályktaði að bygging Ísraela á aðskilnaðarmúr á landi Palestínumanna væri ólögleg, kom ákall frá fleiri en 170 hreyfingum í Palestínu þar sem skorað var á félaga þeirra og einstaklinga út um allan heim að hefja viðtæka sniðgöngu á Ísrael. Ákallið felur í sér að sniðganga ísraelska framleiðslu, hvatningu um að hætta fjárfestingum og kröfu um viðskiptaþvinganir gegn Ísrael, þar til að réttindi Palestínumanna verða virt að fullu í samræmi við alþjóðalög.
Í áratugi hafa ísraelsk stjórnvöld neitað Palestínumönnum um grundvallarréttindi þeirra, frelsi, jafnrétti og sjálfsákvörðunarrétt, með þjóðernishreinsunum, aðskilnaðarstefnu, landnámi og hernámi. Þrátt fyrir að gjörðir Ísraela hafa margsinnis verið fordæmdar af Sameinuðu þjóðunum, alþjóðastofnunum og mannréttindahreyfingum um allan heim hefur alþjóðasamfélagið brugðist palestínsku þjóðinni. Ísraelsk stjórnvöld hafa í áratugi komist upp með að brjóta alþjóðalög og reglugerðir og fremja glæpi gegn Palestínumönnum, án þess að sæta ábyrgð.
Með þetta að leiðarljósi hafa Palestínumenn kallað eftir viðbrögðum frá alþjóðasamfélaginu. Ákallið leggur áherslu á að þvinga Ísrael til að fara að alþjóðalögum og:

A stöðva hernám og nýlendustefnu á öllu arabísku landi sem hernumið var í júní árið 1967 og fjarlægja aðskilnaðarmúrinn;

B viðurkenna grundvallarréttindi þeirra borgara í Ísrael sem teljast sem Palestínuarabar og veita þeim full réttindi á við aðra borgara; og

C virða, vernda og stuðla að réttindum palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til sinna heimkynna og til sinna eigna, eins og samþykkt Sameinuðu þjóðanna nr. 194 gerir ráð fyrir.

Með því að svara ákallinu geta einstaklingar um allan heim stutt Palestínumenn í baráttu sinni fyrir frelsi, mannréttindum og réttlæti. Hreyfingin BDS Ísland – Sniðganga fyrir Palestínu, sem stofnuð var fyrir stuttu hvetur íslenska neytendur geta til þess að sýna andstöðu sína gegn síendurteknum árásum Ísraelsmanna á heimastjórnarsvæði Palestínumanna sem hefur kostað þúsundir óbreyttra borgara, kvenna og barna lífið, með því að sniðganga ísraelsk fyrirtæki, vörur og þjónustu, sem og alþjóðleg fyrirtæki sem styðja við aðgerðir Ísraelsmanna. Þannig getum við sýnt stuðning í verki við mannréttinda- og frelsisbaráttu Palestínumanna.
Kynntu þér málið betur á **www.snidgongumisrael.is**

BDS ÍSLAND
SNIÐGANGA FYRIR PALESTÍNU

GRÆNN SÓSÍALISMI BRAUT AÐ BETRI HEIMI

Natan Kolbeinsson
Skrifar um grænan sósíalisma og neyslumynstur vestrænna ríkja

Grænn sósíalismi er samþætting hugmyndafræði félagshyggjufólks um félagslega réttlátt samfélag og svo umhverfisverndarsinna um verndun náttúrunnar. Hugmyndin er að vestrænar þjóðir hætti þeirri rosalegu neyslu sem æ ljósar er að gera útaf við plánetuna og að auðnum verði dreift jafnar meðal ríkja heimsins.

Í dag er staðan þannig að ef allir ættu að lifa eins og við Íslendingar þá þyrfti tíu jarðir en því miður höfum við bara þessa einu sem við búum á. Það gefur auga leið að Ísland þarf að minnka vistspor sitt ef við ætlum að stoppa eyðingu jarðar svo framtíðarkynslóðir mannkyns geti lifað á þessari jörð.

Kerfisbreytingar, ekki loftslagsbreytingar

Að minnka vistsporið -svo hin fátæku ríki heims geti aukið lífsgæði íbúa sinna án þess að flýta enn frekar fyrir eyðingu jarðar- er þó bara ein hlið þess sem grænir sósíalistar vilja ná fram. Til að ná fram auknum lífsgæðum í fátækari ríkjum heims án þess að hraða eyðingu jarðar þarf líka að jafna leikvöllinn og þar kemur inn hið ódrepandi mottó félagshyggjunnar: „Hver gefur það sem hann getur og fær það sem honum nægir.„

Einstaklingar í vestrænum ríkjum þurfa að minnka þessa gífurlegu miklu neyslu sem við erum að keyra hagkerfi okkar á í dag og byrja að taka einungis það sem við þurfum og gefa það sem við getum til að þeir sem minna hafa geti átt mannsæmandi líf.

Hagvöxtur í iðnvæddum samfélögum þar sem nóg er til svo allir geti lifað góðu lífi er fullkomlega órökréttur þar sem þessi hagvöxtur er keyrður áfram á því að ganga á auðlindir sem framtíðar kynslóðir geta svo ekki notað seinna meir.

Neysla vestrænna ríkja á kostnað þeirra fátæku

Neysla okkar er ekki bara óumhverfisvæn og skapar vá heldur er hún líka samfélagslega óréttlát. Buxur út í búð sem kosta 15 þúsund krónur kosta það því verkafólki í öðrum löndum er haldið niðri með lágum launum sem ekki duga til þessa að verkalýðurinn geti lifað mannsæmandi lífi. Þetta er gert svo hagkerfi vestrænna ríkja geti haldið áfram að stækka og neysla okkar aukist.Verkalýði fátækra ríkja er kerfisbundið haldið niðri svo hægt sé að keyra áfram þetta tortímandi hagkerfi sem kapítalisminn hefur búið til. Það sést vel að ef við viljum tryggja að allir á þessari jörðu eigi í sig og á án þess þó að ganga endanlega frá umhverfinu verðum við að byrja á því að minnka þá neyslu sem við í hinum vestræna heimi höfum vanist.

Grænn Sósíalismi er róttæk humyndafræði og markmið hennar eru langt frá því að verða að veruleika en þetta er samt sem áður hugmyndafræði réttlætis.

> Heimurinn er með hita sem stafar af hlýnun jarðar og sjúkdómurinn er hið kapítalíska hagkerfi.
>
> Evo Morales
> Forseti Bólivíu

ÍSLENSK FANGELSISFLJÓÐ

Margur myndi halda að það væri ekkert því til fyrirstöðu að konur feti sig áfram á afbrotabrautinni til jafns við karla, eða hvað?



Ída Finnbogadóttir
Skrifar um stöðu kvenna innan fangelsiskerfisisns á Íslandi

Ein birtingarmynd kynjahalla innan réttarkerfisins er mikill munur á hegðun kynja þegar kemur að afbrotum. Árið 1995 var fjöldi fanga á Íslandi 107, þar af 6 konur. Árið 2012 voru fangar 124, þar af 5 konur, eða rétt tæp 4%. Hlutfall kvenfanga í íslenskum fangelsum stendur nokkurn veginn í stað þrátt fyrir að breytingar á samfélagsstöðu kvenna undanfarna áratugi séu mjög miklar. En hvað veldur?

Ójafnvægi afbrotaferilsins

Hinn mikli munur sem er á fjölda kven- og karlfanga á Íslandi er að einhverju leyti afleiðing félagsmótunar og mismunandi stöðu kynjana í nútímasamfélagi. Við hljótum t.d. að leiða líkum að því að ein ástæða þessa sé sú að ríkari kröfur séu gerðar til kvenna en karla þegar kemur að kröfum um siðgæði í uppeldi barna. Einnig má velta því fyrir sér hvort að rekja megi þennan mun að einhverju leyti til þess að konur fái annars konar meðferð en karlar í réttarkerfinu þó ólíklegt verði að teljast að allir karlar standi jafnfætis innan kerfisins. Í jafn karllægu kerfi og því sem við þekkjum í dag bendir allt til þess að staðalmyndin af glæpamanninum sem karlmanni sé ansi lífsseig og konur þyki síður líklegar til þess að ógna almannahagsmunum eða vera samfélaginu hættulegar. Þessi stórkostlegi munur sem við sjáum á tölum yfir fanga virðist því vera tilkominn af samverkan margra þátta. Einn þeirra vissulega sá að karlmenn virðast einfaldlega frekar leiðast út í afbrot. Þetta er auðvitað áhyggjuefni. Eftir allt verður víst seint eftirsóknarvert fyrir konur að ná fram jafnrétti á við karla á glæpabrautinni.

Margþætt en karllægt

Á sama tíma og samfélagsgerðin virðist bregðast körlum ef miða má við hve mun fleiri karlmenn en konur leiðast út í afbrot er vert að gefa því gaum að réttarkerfið bregst konum á annan veg. Karlar eru meginþorri fanga en á sama tíma virðist allt réttarkerfið karllægt. Nægir þar að benda á nýlega umfjöllun um kvenlögregluþjóna og fjölgun kvendómara á öllum dómsstigum og ólíka afstöðu karl- og kvendómara til ýmissa mála. Mikilvægt er að málefni kvenna er heyra undir þennan málaflokk fái mun meira vægi en þau gera í dag. Brotaflokkar eins og heimilisofbeldi, kynferðisbrot og mansal hafi fengið aukið vægi í samfélagsumræðunni upp á síðkastið en því miður er varla hægt að segja að kerfið hafi fylgt vitundarvakningunni eftir með bættum úrræðum. Þörf er á miklum úrbótum, bæði lagalegum og félagslegum. Auk þess er mikilvægt að huga betur að forvarnarstarfi og efla kyn- og jafnréttisfræðslu meðal ungmenna. Á sama tíma og því ber að fagna að töluverðum fjármunum er varið í forvarnarfræðslu um vímuefni megum við ekki gleyma því að kyn- og jafnréttisfræðsla skilar sér ekki síður út í samfélagið sem forvörn gegn afbrotum.

EYÐIR HEILU DÖGUNUM Í FERÐALÖG Á MILLI AÐILDARFÉLAGA

Sigrún Skaftadóttir
Tók viðtal við Johönnu Uekermann, formann Ungra jafnaðarmanna í Þýskalandi

Johanna Uekermann er formaður ungra jafnaðarmanna í Þýskalandi. Sigrún Skaftadóttir, fyrrverandi alþjóðafulltrúi Ungra jafnaðarmanna og formaður Feminist Network innan ungra jafnaðarmanna í Evrópu, fékk að stela nokkrum mínútum úr lífi hennar og spyrja hana spjörunum úr.

Byrjum á byrjuninni: Hvaðan frá Þýskalandi ertu og gætirðu sagt okkur eitthvað um pólitískan bakgrunn þinn?
Ég ólst upp í Mitterfels, sem er smábær í Bæjaralandi. Íhaldsmenn drottna yfir svæðinu, en fjörskylda mín er kratafjölskylda til margra kynslóða, svo ég kynntist Sósíaldemókrataflokknum snemma í æsku. Stjórnmálaumræður voru algengar við eldhúsborðið. Sjálf varð ég virkur félagi í ungliðahreyfingunni 15 ára. Það sem skar úr um mína pólitísku afstöðu var að ég fann þörf fyrir að berjast gegn þeirri ákvörðun að koma á skólagjöldum og stytta skólavist að stúdentsprófi úr 13 í 12 ár.

Þú ert formaður Jusos, ungliðahreyfingar Sósíaldemókrataflokksins í Þýskalandi. Geturðu sagt okkur dálítið um leið þína að formennskunni?
Ég hef verið virk í pólitík frá táningsaldri. Fyrir utan ábyrgðarstörf mín fyrir ungliðahreyfinguna var ég einnig fulltrúi kvennahreyfingar í háskólanum. Árið 2011 varð ég varaformaður Jusos og helgaði störf mín ungmennamálefnum, verkalýðsmálum, menntun og starfsþjálfun sem og alþjóðastarfi. Sumarið 2013, þegar ég bauð mig einnig fram til þýska þingsins, ákvað ég að bjóða mig sömuleiðis fram til formennsku í Jusos. Ég hafði í farteskinu margar hugmyndir um málefnaþróun Jusos á komandi málþingum eins og umræðuna um hvað „góð vinstrihreyfing" fæli í sér.

Hve margir félagar eru í Jusos?
Allir félagar í Sósíaldemókrataflokknum (SPD), sem yngri eru en 35 ára, eru sjálfvirkt félagar í Jusos. Jafnframt er mögulegt að vera bara félagi Jusos og ekki félagi SPD. Í heild eru í kringum 70 þúsund félagsmenn í Jusos.

Hvað eru stærstu viðfangsefnin í starfi þínu sem formaður?
Í byrjun er rétt að viðurkenna að ég á fullt í fangi með að uppfylla allar skyldur og ljúka öllum verkefnum sem starfið felur í sér. Ég fæ margar beiðnir og er oft boðið hingað og þangað þannig að í raun þyrfti ég á 30 stunda vinnudegi að halda.
Mig langar til að efla Jusos. Við förum fljótlega af stað með „framtíðarverkstæði" (future workshops) og erum að þróa herferð næsta ár sem við nefnum „vinstralíf". Við verðum að vera þyrnir í holdi SPD innan hins stóra meirihluta sem ríkir (SPD og íhaldsmenn) í Þýskalandi og verðum að leita breiðs umræðugrundvallar með Alþýðusambandi Þýskalands og ungmennahreyfingunni.

Gæturðu sagt okkur dálítið hver meginviðfangsefni þýskra stjórnmála eru um þessar mundir og innan Evrópusambandsins?
Sósíaldemókratar náðu mikilvægum áfanga í síðasta mánuði eftir að hafa barist um árabil við hlið verkalýðshreyfingarinnar fyrir lögbundnum lágmarkslaunum. Loksins tókst að koma þeim á. En með þeim er að sönnu fjöldi undanþáguákvæða þannig að ungt fólk undir 18 ára aldurs nýtur þeirra ekki að fullu og það finnst okkur ekki fullnægjandi. Annað málefni er að eftirlaunakerfið þýska var lagfært. Það felur í sér miklar samfélagsumbætur og félagslegt réttlæti. Nú er mikið rætt um utanríkisstefnu vegna ástandsins í Úkraínu og Írak. Með því á ákveða að afhenda Peschmerga í Írak vopn til að berjats gegn ISIS blasir við okkur pólitísk umræða um „ábyrgð Þýskalands" sem Jusos lítur gagnrýnum augum. Það vantar í raun aðgerðir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamfélagsins.

Þýskaland er stórt land. Ertu ekki sífellt á ferðinni að heimsækja hinar ýmsu deildir Jusos innan SPD?
Jú, ég ferðast mikið og eyði heilu dögunum í lestarferðir. En ég ég gleðst yfir hverju heimboði og hverju tækifæri til að sækja heim deildir Jusos. Þetta er ekki síst mikilvægt svo að tengslin haldist góð og að við vitum hvað brennur á ungliðum flokksins. Þar að auki sæki ég marga fundi í Berlín í framkvæmdanefnd flokksins og í ýmsum vinnuhópum.

Heldur þú að það væri hagkvæmt fyrir Ísland að ganga í ESB?
Ég er mikill stuðningsmaður Evrópusamrunans. Þvert á það sem sumir halda fram hefur Þýskaland haft mikinn hag og gerir enn af Evrópusamvinnunni. En Íslendingar verða að ákveða þetta sjálfir. Jusos-liðar gleðjast yfir hverju nýju Evrópubandalagslandi og hverju landi sem óskar inngöngu og á það einnig við um Tyrkland.

> Með því á ákveða að afhenda Peschmerga í Írak vopn til að berjats gegn ISIS blasir við okkur pólitísk umræða um „ábyrgð Þýskalands" sem Jusos lítur gagnrýnum augum.

Jusos in der SPD

MEÐ OG Á MÓTI

Ungir jafnaðarmenn eru af ýmsum toga, sumir elska latte, aðrir sauðkindur, enn aðrir dýrka júróvisjón, aðrir dubstep. Jafnaðarstefnan er það sem sameinar okkur, en hún er breiður faðmur sem getur vafið sér um ýmsar skoðanir, -sumar andstæðar öðrum. Hér höfum við tekið til nokkur málefni sem einstaklinga innan Ungra jafnaðarmanna greinir stundum á um og fengið nokkra ungliða til að segja sína skoðun í örstuttu máli.

Á að leyfa áfengi í verslunum?

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

Ég er andvígur því að leyfa lausasölu áfengis af þrennum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna lýðheilsusjónarmiða, en Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur sýnt fram á að takmörkun aðgengis að áfengi sé skilvirk leið til að draga úr þeim þjóðfélagslegu og lýðheilsulegu vandamálum sem fylgja áfengi (sem eru mörg og alvarleg). Í öðru lagi sé ég fram á að þjónusta og vöruúrval muni fara mjög niður á við verði Bónus og Hagkaup ábyrg fyrir áfengissölu, sérstaklega í smærri byggðarfélögum. Í þriðja lagi finnst mér bara alveg óþarfi að við vinstrimenn þurfum endilega að vera pönkast í þeim opinbera fyrirtækjarekstri sem þó gengur vel – eftirlátum það nýfrjálshyggjufólkinu.

Sigurður Orri Kristjánsson

Ríkiseinokun í smásölu á öllum sviðum er tímaskekkja. Aukið og betra aðgengi að áfengi er til hagsbóta fyrir neytendur, bæði með lægra vöruverði, betri þjónustu og meira úrvali. Við megum ekki líta framhjá því að langstærstur hluti áfengisneytenda á í engum vandræðum með sína neyslu. Þess vegna finnst mér þetta vera eðlilegt skref í átt að normalíseringu áfengis. Það er mikilvægt að áfengi missi þennan ,,forboðna" stimpil og verði þess í stað bara hluti af innkaupum hins venjulega Íslendings.

Síðan árið 1987 hefur vínbúðum fjölgað um meira en 200%, samt hefur unglingadrykkja dregist verulega saman. Er þá ekki bara málið að hætta einokuninni en halda áfram á sömu braut fræðslu og forvarna? Það held ég.

Á að leyfa staðgöngumæðrun?

Salka Margrét Sigurðardóttir

Ég er tortryggin varðandi lögleiðingu staðgöngumæðrunnar i velgjörðarskyni vegna þess að ég tel það vekja upp fleiri klemmur en lausnir. Í fyrsta lagi er eftirfylgnin með velgjörðinni vandmeðfarin -ef ekki ómöguleg- og býður þetta þannig upp á klemmur fjármagnsafla. Í öðru lagi eru konur líffræðilega bundnar tilfinningum ástar og umhyggju við barnsburð, sem ég tel ónáttúrulegt og mögulega ósiðlegt að slíta með þessum hætti. Í þriðja lagi er feikinóg til af börnum í heiminum og erfðasnobb okkar ætti ekki að vera fyrsta forgangsröðun, enda eru það mannréttindi barna að eiga foreldra, en ekki foreldra að fá að eignast börn. Síðsta klemman er e.t.v. merkust, en ég tel það ósiðlegt að gera konu að framleiðslutæki. Ég tel heildarviðhorf okkar til kvenna sem fyrirbæris mikilvægara en tímabundið frelsi einstaklingsins. Það er vegna þessa sem ég kemst að þeirri niðurstöðu minni að klemmur óvissu sem staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni bjóða uppá eiga ekki heima innan ramma laganna.

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir

Staðgöngumæðrun er ekki auðvelt umræðuefni. Efasemdirnar og áhyggjurnar eru vissulega margar og óttinn við kerfismisnotkun skiljanlegur. Það er hinsvegar ömurlegt að meina konu, sem hefur tekið upplýsta ákvörðun um að vilja gefa þessa gjöf, að ganga með barn annars pars án þess að pukrast við að nota kjúklingasprautu í heimahúsi. Ákvörðunin er ekki auðveld, -og á ekki að vera það. En hún er óeigingjörn og virðingarverð. Lagaramminn þarf að vera svo skilyrtur, svo strangur og svo ósveigjanlegur að ómögulegt sé að misnota kerfið og að tryggt er að staðgöngumóðirin hafi andlega og líkamlega heilsu til þess að takast á við þetta og hafi ekki verið á nokkurn hátt þvinguð í þetta hlutverk; hvorki með kúgun, af fjárhagsástæðum eða félagslegri pressu. Ég vil ráða líkama mínum sjálf. Ég vil eiga kost á því, ef að aðstæður leyfa, að gefa þessa gjöf ef ég vil.

GETA TRÚFRELSI OG ÞJÓÐKIRKJA VERIÐ Í SÖMU SÆNG?

Natan Kolbeinsson og Ída Finnbogadóttir velta fyrir sér hlutverki jafnaðarmannastefnunnar í umræðunni um aðskilnað ríkis og kirkju.

Einn þáttur trúfrelsis er að ríkið hafi ekki aðkomu að rekstri trúfélaga með neinum hætti. Þar með veitir það trúfélögum ekki skattafslátt eða önnur fríðindi sem aðrar stofnanir samfélagsins njóta ekki.

Samfylkingin hefur á liðnu ári hlotið ítrekaða athygli fjölmiðla fyrir íhaldssama afstöðu sína til Þjóðkirkjunnar. Á vordögum viðraði formaður flokksins skoðanir sínar á mikilvægi ríkisrekinnar trúarstofnunar í viðtalsþætti Mikaels Torfasonar á Stöð 2. Þar sagðist hann meðal annars vera mikill talsmaður þjóðkirkjunnar og að það væru mikil og sérstök rök sem mæltu með sambandi ríkis og kirkju. Nú erum við vissulega sammála því að í Þjóðkirkjunni liggur mikill menningararfur. Það réttlætir þó ekki að eitt trúfélag ætti að njóta sérstakrar stöðu og réttinda fram yfir önnur. Það brýtur í bága við jafnaðarstefnuna og þá frjálslyndu sýn til trúfrelsis sem við jafnaðarmenn ættum að geta sammælst um. Þrátt fyrir að trúfrelsi ríki á Íslandi getum við ekki lokað augunum fyrir þeirri staðreynd að eitt trúfélag hefur æðri stöðu en önnur og trúfrelsi í skugga slíkra aðstæðna teljum við ekki fullnægjandi trúfrelsi.

Í nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum voru íhaldssöm sjónarmið til trúmála áberandi. Hugmyndir sem settar voru fram af oddvita Framsóknarflokksins í kosningabaráttunni endurspegluðu íhaldsbylgju sem skekið hefur evrópska pólitík undanfarin misseri. Við jafnaðarmenn beittum okkur hvað mest gegn framgangi þessara hugmynda. Við töluðum fyrir fjölmenningarsamfélagi þar sem þeir sem sitja við stjórnvölinn hafa ekki völd til að hygla einni lífsskoðun fram yfir aðra.

Ísland er eitt þeirra ríkja þar sem enn er ríkisrekið trúfélag. Flokkur jafnaðarmanna getur ekki talað fyrir því að ríkið standi vörð um ákveðið trúfélag á sama tíma og hann vill móta hér samfélag þar sem allir eru velkomnir óháð trúarskoðunum. Fjölmenningarsamfélag getur aðeins orðið til ef við komum á raunverulegu trúfrelsi þar sem allir trúar- og lífskoðunarhópar sitja við sama borð.

BLAÐSÍÐA 7 ER TILEINKUÐ ÖLLU ÞVÍ UNGA FÓLKI SEM MUN KOMA TIL MEÐ AÐ ERFA SKULDIR FORELDRA SINNA

Maður getur gert allt sem maður vill ef maður hefur trú á hugmyndum sínum og sjálfum sér. Maður finnur það ekki fyrr en maður prófar það.

SKRIFAR KONURNAR AFTUR INN Í SÖGUNA

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Tók viðtal við frumkvöðulinn Önnu Gyðu Sigurgísladóttur

Anna Gyða Sigurgísladóttir er 24 ára laganemi og frumkvöðull. Anna sagði blaðamanni frá verkefninu Reconesse sem snýst um kortlagningu á konum sem ekki hefur verið gert hátt undir höfði í sögunni þrátt fyrir að eiga það skilið og frumsýningu sinnar fyrstu heimildamyndinar; Problem? Oh, that's an opportunity!

Anna Gyða býður mér í morgunkaffi á fimmtudagsmorgni, sem ég þigg með þökkum. Útidyrahurðin er opin og á móti mér taka hressir iðnaðarmenn sem keppast við að leggja teppi á stigagangsgólfið. Límlyktin er stæk og höfgandi og ég valhoppa yfir bograndi teppalagningarpiltana, upp stigann á móti Önnu Gyðu sem stendur glaðbeitt í dyrunum og býður mig velkomna. Hún er að rista brauð og vatn til kaffigerðar sýður í potti á eldavélinni. Í gluggakistunni er trérugguhestur sem vekur einhverja ókunnuga nostalgíu og í öðru svefnherberginu sé ég glitta í ólakkaðan flygil, svo ég gríp andann á lofti. Köttur situr uppi á borði og lepur vatn úr glæru glasi. Við hliðina er blómapottur; -hugmyndin var að vatnið sem kötturinn skvetti upp úr glasinu færi yfir plöntuna, en þess í stað sullast það yfir bókina með svörin sem liggur einnig í gluggakistunni.

Anna er hógværðin uppmáluð og afsakar iðnaðarmennina. Íbúðin er nýuppgerð, aðallega sökum þess að mygla fannst í klæðningu, eins og algengt er í gömlum húsum í miðbænum. Hún skenkir mér kaffi og við dembum okkur í spurningaflóðið. Anna Gyða hefur verið í laganámi síðustu ár en er í frí til að einbeita sér að samfélagslegum verkefnum sem henni finnst gefa henni meiri orku og lífshamingju.

Ég fór í lögfræði því mig langaði alltaf að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Þegar ég var einhverntíman í tilvistarkreppu sagði móðir mín við mig: ,,Ef þú vilt breyta lögunum, þá verðurðu að þekkja lögin". Ég sé ekki endilega fyrir mér að starfa sem lögfræðingur, en ég vil nota þekkinguna til að bæta samfélagið.

Hvaðan kemur þessi þörf fyrir að bæta samfélagið?

Þörfin kemur úr mörgum áttum. Ég var til að mynda í dönskum lýðháskóla á námsbraut sem hafði Búrma sem meginviðfangsefni. Við lærðum um landið og stjórnmálaástandið. Í lok annarinnar fórum við í mánaðarferð til Búrma. Okkur tókst að fá fund með Aung San Suu Kyi, sem er mér greyptur í minni. Aung San Suu Kyi hlaut heimsfrægð fyrir lýðræðisbaráttu sína í Búrma, en hún sat í stofufangelsi í nær fimmtán ár og fékk Friðarverðlaun Nóbels árið 1991. Í heimsókninni sagði hún við okkur: ,,Use your freedom to promote ours". Fólkið í Búrma er ekki með sama frelsi, óháða fjölmiðla eða sama menntunarstig. Ég tók þetta mjög til mín. Mig langaði að nýta mér forréttindaaðstæður mínar til að bæta heiminn.

Þú vilt ekki bara fara á þing?

Nei, ég held að hæfileikar mínir myndu ekki nýtast þar. Það vantar svo fjölbreyttari raddir á þingið, -eitthvað annað en eintóma stjórnmálafræðinga, lögfræðinga og hagfræðinga. Svo er ég ekki viss um að öll vandamál verði leyst á vettvangi stjórnmálanna. Risastóru vandamálin eru í höndum okkar allra og ég vona að fólk fari að átta sig betur á því. Það eru ekki lengur bara voldugir og ríkir einstaklingar, ríkisstofnanir eða æðstu leiðtogar heimsins sem hafa lausnirnar við vandanum, heldur þurfa sem flestir að leggja hönd á plóg. Þess vegna held ég að ég nyti mín betur annars staðar en á þingi. Ég vissi alltaf að ég ætlaði mér að gera heimildamyndir. Ég hef alltaf verið brjáluð í heimildamyndir og ligg yfir öllum fríu heimildamyndunum á Netflix.

Anna Gyða segir það hafa verið vendipunkt í lífi sínu þegar hún kynntist hugtakinu „social entrepreneurship", en fram að því hafði hún átt erfitt með að sjá fyrir sér framtíð sína.

Mig langaði að hafa áhrif á samfélagið, en ég vildi líka sjá mér farborða, stofna fjölskyldu og svo framvegis. Mér er minnisstæð heimildarmynd um Che Guevara, þar sem hann yfirgefur fjölskyldu sína til að geta einbeitt sér að því að breyta heiminum. Það var fórn sem ég var ekki tilbúin að færa. Það opnaði því augu mín þegar ég heyrði um samfélagslega frumkvöðla, því að þeir voru að breyta heiminum en gerðu það að atvinnu sinni. Ég fór að leita mér að upplýsingum um félagslega frumkvöðlastarfsemi, en sá fljótt að það voru mismunandi skilgreiningar og kenningar í gangi. Þá fann ég að þarna var viðfangsefnið komið; mig langaði að gera mína fyrstu heimildarmynd!

Anna Gyða fékk styrk frá Evrópu unga fólksins og hóf sjálfsnám í kvikmyndagerð. Hún las bækur, skoðaði myndbönd og reddaði sér græjum. Hún segir að það sé ótrúlegt hvað maður geti lært mikið á netinu og með því að fá ráð hjá fólki úr bransanum.

Ég vissi alveg að ég myndi gera einhver mistök, en það skipti engu máli. Þetta var verkefni fyrir mig til að læra af og til að miðla því sem ég lærði til annarra. Það kom mér á óvart hvað það var auðvelt að fá samfélagslega frumkvöðla til að koma í viðtöl til mín, en það er einhvern veginn þannig að það eru allir að vinna saman í þessum heimi. Fólk sem er að reyna að finna lausnir í Perú vill breiða út boðskapinn og er kannski í samstarfi við fólk í Noregi. Það styðja allir fólk eins og mig sem er að taka sín fyrstu skref í þessum bransa; -það hafa allir verið í sömu sporum. Þetta verkefni hefur gefið mér rosalega mikið og sérstaklega hefur það eflt sjálfstraustið. Maður getur gert allt sem maður vill ef maður hefur trú á hugmyndum sínum og sjálfum sér. Maður finnur það ekki fyrr en maður prófar það. Það að þora að spyrja, -þora að gera.

> Það opnaði því augu mín þegar ég heyrði um samfélagslega frumkvöðla, því að þeir voru að breyta heiminum en gerðu það að atvinnu sinni.

Og hvað nákvæmlega er „samfélagsleg frumkvöðlastarfsemi"?

Samfélagslegir frumkvöðlar eru fólk sem að er að vinna á samfélagslegum vandamálum með nýjum lausnum. Verið er að reyna að finna lausnir á mörgum samfélagslegum vandamálum heiminum, en þau er erfitt að leysa því að lítið er um fjármagn. Fólk þarf að átta sig á því að það eru til aðrar leiðir til að leysa vandamál heldur en með því að tækla þau með „non-profit" félagasamtökum eða ríkisstyrkjum. Það er hægt að tækla þau í formi viðskipta. Fjárhagsleg sjálfbærni er mikilvæg og samfélagsleg frumkvöðlastarfsemi er að breyta viðskiptaheiminum og þessu kapítalíska umhverfi sem við búum í.

Anna Gyða fór með kvikmyndavél í farteskinu til Brussel, Stokkhólms, New York og Boston og tók viðtöl við samfélagslega frumkvöðla, en þar að auki tók hún Skype-viðtöl við frumkvöðla í Perú og Kanada.

Dagarnir í New York voru hektískir. Ég mælti mér mót við viðmælendur mína sem voru að taka þátt í Clinton Global Initiative á hótelinu þeirra. Þar stóð ég í móttökunni ásamt Chelsea Clinton og hugsaði með mér að þarna væri ég komin á stað sem ég hefði aldrei getað gert mér í hugarlund að vera nokkurn tímann boðið á.

Ég lærði rosalega mikið af viðmælendum mínum og ber ómælda virðingu fyrir þeim. Þeir töluðu allir um það að finna tilgang með starfi sínu. Auðvitað finna ekki allir tilganginn í að bæta heiminn en viðmælendur mínir áttu það sameiginlegt að finna hamingjuna í því. Það var mér mjög lærdómsríkt.

Anna Gyða segir það hafa hjálpað henni að átta sig á að hún vildi vinna við eitthvað sem hefði æðri tilgang að hafa lent í tveimur afdrifaríkum slysum. Fyrir nokkrum árum lenti Anna Gyða í slysi á milta sem gerði það af verkum að hún dó næstum því. Í febrúar á þessu ári lenti hún svo í öðru slysi, þar sem hún datt og fékk höfuðhögg sem hún segir að hafi nánast hrifið hana úr heiminum í tvo mánuði.

Það er klisjukennt að segja að lífshættuleg slys láti mann sjá hlutina í réttu ljósi, en það er samt þannig. Ég var sett í þau spor að þurfa að skoða hvað sé mikilvægt og hvað skipti raunverulega máli. Maður áttar sig á því að maður er ekki ódauðlegur og maður eigi ekki að eyða tímanum í að gera bara eitthvað. Það er leiðinlegt að það þurfi stórslys til að átta sig á því. Við höfum það bara svo gott og við gleymum því oft.

Þú helltir þér út í kvikmyndagerð, þrátt fyrir að hafa litla reynslu af þeim heimi. Það vill oft vera þannig að strákar eru áhættusæknari og eiga auðveldara með að gera eitthvað án þess að hafa endilega til þess formlega reynslu. Af hverju heldurðu að það sé?

Ég held að stelpur skorti oft sjálfsöryggi til að framkvæma hugmyndir sínar sem ég tengi við skort á fyrirmyndum. Karlar hafa fleiri fyrirmyndir. Það er einmitt það sem við viljum reyna að koma til móts við með Reconesse Database verkefninu. Við viljum bjóða upp á fjölbreyttari kvenkynsfyrirmyndir. Það er mikilvægt að konur sjái kynsystur sínar í hinu sýnilega umhverfi, -það er í bókum, kvikmyndum og fjölmiðlum meðal annars.

Sagan hefur verið skrifuð af háttsettum hvítum karlmönnum. Það var ekki meðvituð ákvörðun hjá þeim að skrifa konur út, -þeir upplifðu heiminn bara svona. Sögumaðurinn segir alltaf söguna með ákveðnum félagslegum filterum. Mér fannst Ken Robinson komast vel að orði þegar hann sagði: „Ég held það sé ekki viljandi, en það reynist vera kerfislægt".

Reconesse Database er vefur sem Anna Gyða er að vinna að ásamt teymi hugsjónafólks. Vefurinn er þríþættur, í fyrsta lagi alþjóðlegur gagnagrunnur yfir konur sem sagan hefur gleymt að tala um, í öðru lagi fréttaveita sem einblínir á lausnir frekar en vandamál og í þriðja lagi stuðningsumhverfi fyrir ungar konur þar sem áhugaverðir skólamöguleikar, ráðstefnur, starfsnám og fleira verður listað upp.

Reconesse Database byrjaði sem lokaverkefni Berglindar Sunnu, vinkonu minnar, í KaosPilot-skólanum í Danmörku. Staðreyndin er að einungis 1-10% söguhetjanna í íslenskum sögubókum eru kvenkyns. Við viljum að fólk geti haft aðgang að upplýsingum um konur á ýmsum sviðum og vonumst sérstaklega til að skólar byrji að nota þetta. Við erum að prufukeyra þetta á nokkrum menntaskólum sem stendur til þess að fá endurgjöf á vefinn og bæta hann áður en við setjum hann í almenna notkun.

Vefurinn verður hópsprottinn eða „crowdsourced", það er; efnið mun koma frá notendunum sjálfum, því að við höfum engar forsendur til að fjalla um konur í Burkina Faso sem sagan hefur gleymt að tala um. Þrátt fyrir það viljum við að heimildirnar séu nákvæmar og áreiðan-leikaprófaðar.

Nú þegar hafa sagnfræðingar á okkar vegum skrifað fjölda greina um konur. Það hefur komið mér á óvart hvað það er til mikið af stórkostlegum konum sem ég hef aldrei heyrt um, til dæmis var fyrsti forritari í heimi, Ada Lovelace, kona, -en hún fann upp fyrsta algóriþmann sem var ætlaður tölvu til að skilja.

Reconesse hópurinn vinnur nú að því að gera verkefnið fjárhagslega sjálfbært og Anna Gyða segir drauminn vera að geta starfað áfram að þessu verkefni. Verkefnið hefur verið styrkt af Evrópu unga fólksins, Rannís og hefur fengið ýmsa smærri styrki. En er auðvelt fyrir ungt fólk að fá fjármagn til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd?

Nei, fjármagn í svona verkefni er ekki sjálfgefið. Ríkið og sveitarfélög hafa takmarkað fjármagn til að veita í svona verkefni. Rannís styrkti okkur vel í sumar, en það er erfitt að fá svoleiðis styrki enda mikil eftirspurn. Maður gerir sér grein fyrir því að forgangsröðun ríkisfjármagns er erfið, en spurningin er samt; hversu mörgum hjálpar maður með rándýrum verkefnum eins og jarðgöngum miðað við verkefni á sviði frumkvöðlastarfs? Nýsköpunarstyrkir búa til metnaðarfull störf fyrir ungt fólk, -störf sem stuðla að samfélagslega jákvæðum breytingum.

Heimurinn okkar er að breytast svo hratt og svo mikið. Áhugamál kynslóðanna eru ólík og þessi stöðluðu störf síðustu aldar eru að úreldast og vélvæðast. Við þurfum að styðja við fólkið sem er að leita skapandi lausna á samfélags-legum vandamálum.

Hver eru þín næstu skref?
Að klára heimildarmyndina og koma Reconesse almennilega á koppinn. Mér finnst ég aldrei hafa lært jafnmikið og á þessum síðustu tveimur árum þar sem ég var virkilega „in action". Öll mín skólaganga hefur ekki kennt mér nándar nærri eins mikið. Nám á Íslandi er oft úr tengslum við atvinnumarkaðinn. Fólk kemur úr náminu sínu og hefur ekki hugmynd um hvernig það á að snúa sér á vinnumarkaðnum. Ég vil halda áfram að gera heimildamyndir og vona að ég verði einhvers konar samfélagslegur frumkvöðull. Gerum lausnirnar eins „viral" og vandamálin!

Kaffið er löngu kólnað, enda hefur Anna Gyða haft svo margt áhugavert að segja að ég hef ekki haft í við að vélrita. Ég þakka fyrir heimboðið, klappa kisa litla, sem átti að heita „sálfræðingur", -því hver vill ekki hafa sálfræðing á heimilinu?- en endaði svo bara á að heita Kisi, og kveð, með innblástur og aðdáun í farteskinu.

Heimildarmynd Önnu Gyðu, Problem? Oh that's the solution!, verður frumsýnd í desember og Reconesse Database fer í loftið um leið og prufukeyrslunni er lokið. Jöfn og frjáls þakka Önnu Gyðu kærlega fyrir að gefa sér tíma til að spjalla við okkur og óska henni góðs gengis í framtíðinni. ■

Í lok annarinnar fórum við í mánaðarferð til Búrma. Okkur tókst að fá fund með Aung San Suu Kyi, sem er mér greyptur í minni.

TÍU ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÍSLAND EIGI AÐ GANGA Í ESB

Sema Erla Serdar
Telur upp bestu ástæðurnar fyrir því að ísland eigi að ganga í ESB

Það er ekki úr vegi að rifja upp nokkrar ástæður fyrir því að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Sema Erla Serdar, ritstjóri Evropan.is og ungur jafnaðarmaður, skýrir fyrir okkur kosti þess að ganga í ESB.

1. Lægra matvælaverð á Íslandi
Flestir þeir sem hafa fylgst með umræðunni um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu (hér eftir skammstafað ESB) hafa eflaust heyrt rökin um lægra matvælaverð sem eina af ástæðum þess að Ísland eigi að ganga í sambandið. Það er ekki af ástæðulausu, en áhrif aðildar á matvælaverð hefur verið rannsakað margoft og er niðurstaðan er alltaf sú sama: matvælaverð mun lækka. Samkvæmt nýjustu rannsókninni má reikna má með að verð á kjúklingum, eggjum og svínakjöti lækki um allt að 40-50% við aðild að ESB. Þá munu mjólkurvörur lækka um allt að 25% og einnig má reikna með að verð á nautakjöti muni lækka. Þetta eru afleiðingar þess að tollar á vörum og landbúnaðarafurðum frá aðildarríkjum ESB falla niður við aðild Íslands að ESB, sem eykur samkeppnina og bætir kaupmáttinn.

2. Ísland öðlast raunverulegt fullveldi
Öfugt við það sem margir andstæðingar Evrópusambandsins halda fram -að Ísland tapi fullveldi sínu við inngöngu í ESB- má í raun segja að Ísland öðlist raunverulegt fullveldi með því að ganga í ESB. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) njótum við margra þeirra kosta sem ríki öðlast með aðild að ESB, en gleymum því ekki að við höfum þar af leiðandi kynnst þeim ókosti sem felst í því að vera ekki fullgildur aðili; við höfum ekkert um þær ákvarðanir sem eru teknar innan ESB að segja, ákvarðanir sem hafa bein og óbein áhrif á okkur Íslendinga, -því vegna EES-samningsins tökum við upp gríðarlegt magn af ESB löggjöf hér á landi. Löggjöf sem aðrir hafa samið, því við sitjum ekki við borðið þar sem vinnan fer fram. Með aðild að ESB mun Ísland því styrkja fullveldi sitt með virkri þátttöku í ákvörðunum og samningum á vettvangi sambandsins, en raunverulegt fullveldi í hinum hnattræna heimi sem við búum í, fæst með því að deila því með öðrum þjóðum til þess að ná sameiginlegum markmiðum.

3. Lægri vextir
Með aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru fáum við lánakjör sambærileg þeim sem Evruríkin búa við í dag sem mun skila sér í lægri vöxtum á húsnæðismarkaði og almennt á lánamarkaði. Með íslensku krónuna og verðtrygginguna búum við hér á landi við gríðarlega háar vaxtagreiðslur. Munurinn á vaxtagreiðslum Íslendinga og Evrópuríkja hefur verið rannsakaður margoft, til dæmis af ASÍ, og eru niðurstöðurnar sláandi.
Á árunum 1998 - 2010 voru nafnvextir á húsnæðislánum hér á landi um 12% á meðan þeir voru mest 5% í Evrópu. Í dæmi sem ASÍ tók til skoðunar síðast kom í ljós að á meðan evrópsk fjölskylda var að borga um 5-800 þúsund krónur í vexti á ári, var íslenska fjölskyldan að borga 1-2 milljónir í vexti á ári af sambærilegu láni.
Með aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru munum við því getað fengið lán á lægri vaxtakjörum, án verðtryggingar, og þannig munu heimilin í landinu spara sér háar upphæðir, sem nú fara í vaxtagreiðslur, á ári hverju. Þá munu fyrstu íbúðarkaup ungra Íslendinga verða auðveldari og lán fást á almennilegum kjörum.

4. Nothæfur gjaldmiðill
Með aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru, munum við, auk þess að fá lægri vexti og losna við verðtrygginguna, fá stöðugra gengi og verðlag, losna við gjaldeyrishöftin, fá minni verðbólgu, stöðugra verðlag og minni gengissveiflur á sama tíma og við losnum við ónýtan gjaldmiðil og þann gríðarlega kostnað sem heimilin í landinu bera af krónunni. Sama hvað fólk vill segja um evruna, þá er það staðreynd að á sínum versta degi er evran sterkari en krónan á sínum besta degi. Allt skilar þetta sér í betri lífskjörum fyrir almenning þar sem áætlanir í heimilisrekstrinum og atvinnulífinu verður mun auðveldari.

5. Lægri skólagjöld í breskum háskólum
Breskir háskólar hafa ávallt verið vinsælir á meðal íslenskra námsmanna enda eru breskir háskólar á meðal bestu háskóla í heimi. Skólagjöldin í breska háskóla eru hins vegar gríðarlega há, og þá sérstaklega fyrir nemendur sem ekki koma frá aðildarríkjum Evrópusambandsins, þar sem Bretar skipta námsmönnum í tvo flokka; Ríkisborgarar Evrópusambandsins og aðrir. Með aðild Íslands að ESB gætu því íslenskir námsmenn sparað sér þúsundir punda í skólagjöld og áralangar greiðslur af námslánum á sama tíma og þeir ná sér í góða menntun.

6. Niðurfelling tolla
Við inngöngu í Evrópusambandið falla niður tollar á milli aðildarríkjanna, en það skilar sér til dæmis í lægra matvælaverði. Niðurfelling á tollum skilar sér einnig í ódýrari verslun og þjónustu. Það á einnig við um verslun á netinu. Niðurfelling tolla opnar möguleikana á auknum atvinnutækifærum fyrir unga Íslendinga. Innlend fyrirtæki, stór sem smá, eiga erfitt með að þrífast á Íslandi í dag. Afhverju ætli forsvarsmenn Össurar, Marel og CCP vilja ganga í Evrópusambandið? Vegna þess að krónan, sem er ein stærsta viðskiptahindrunin á Íslandi í dag, og aðrar hindranir eins og tollar til og frá Íslandi, hefta viðskipti og koma í veg fyrir vöxt fyrirtækja. Hvort sem þú vilt panta þér bækur eða raftæki á netinu eða stofna fyrirtæki, þá mun aðild að Evrópusambandinu auðvelda þér verkið og spara þér háar greiðslur.

7. Erlendar fjárfestingar - aukin atvinnutækifæri
Með inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru verður auðveldara að laða að erlenda fjárfesta til Íslands, sem myndi vonandi skila sér í því að erlend fyrirtæki myndu setjast hér að í auknu mæli og skapa þannig atvinnu fyrir Íslendinga, en við þurfum að skapa þúsundir starfa hér á Íslandi á næstu árum ef við ætlum ekki að horfa á eftir unga fólkinu úr landi í leit að atvinnutækifærum. Sem dæmi má nefna að erlendar fjárfestingar á Möltu, Kýpur, Slóvakíu og Slóveníu tvöfölduðust fyrstu fjögur árin eftir að ríkin gengu í Evrópusambandið árið 2004. Öll nota þau evru. Í Eistlandi jukust erlendar fjárfestingar um helming á sama tíma.

8. Fyrir landsbyggðina
Aðild Íslands að Evrópusambandinu felur í sér hlutdeild í hinum ýmsu styrktarsjóðum ESB. Til dæmis fengi Ísland aðgang að byggða- og uppbyggingarsjóðum ESB, en til þeirra renna um 1/3 af heildarfjárlögum ESB. Í greinagerð sem unnin var fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga um hugsanleg áhrif aðildar að ESB á íslensk sveitarfélög kemur fram að „talið er til helstu kosta aðildar að íslenskum sveitarfélögum opnist aðgangur að styrkjum úr byggðarsjóðum ESB og ákvörðunum um með hvaða hætti þeim er úthlutað til einstakra svæða hér á landi. Aðrir kostir sem nefndir eru er aðgangur að styrkjum úr landbúnaðar-/dreifbýlissjóði ESB, aðgangur að styrkjum til sjávarbyggða, aðild að öllum áætlunum ESB, hvati að auknu samastarfi sveitarfélaga, landshlutasamtaka og öflugri stjórnsýslu sveitarfélaga, meira forræði sveitafélaga í byggðamálum og aðgangur að stofnunum ESB sem fjalla um byggða- og sveitastjórnarmál." Landsbyggðin mun því hagnast mjög á aðild Íslands að ESB.

9. Stærsta viðskiptablokk í heimi
Evrópusambandið er stærsta viðskiptablokk í heimi. ESB er stærsti útflytjandi vöru og þjónustu á heimsvísu og hefur yfir að ráða víðfeðmu neti viðskiptasamninga og tengsla sem skapa aðildarríkjum markaðsaðgang utan svæðisins. Með aðild Íslands að ESB yrðum við hluti af stærstu viðskiptablokk heims og hefðum áhrif á mótun hennar og aðgerðir. Evrópumarkaðurinn yrði að heimamarkaði okkar, en árið 2011 fór 82.7 % af vöruútflutningi Íslands til annarra ríkja á innri markaði ESB. Þá er pólitískt vægi ESB mikið í alþjóðlega viðskiptasamstarfi og þannig myndu áhrif Íslands á alþjóðavettvangi aukast með aðild að ESB.

Friður, frelsi og jafnrétti
Markmið Evrópusambandsins hefur frá upphafi verið að stuðla að friði og er friður eitt af grunngildum Evrópusambandsins. ESB hefur í áratugi átt þátt í því að stuðla að aukinni velferð, frelsi, lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum, jafnt í Evrópu sem og um allan heim. Jafnréttismál hafa ávallt verið í forgangi hjá Evrópusambandinu, en mikil áhersla er einnig lögð á umhverfisvernd, neytendavernd, kvenréttindi, þróunaraðstoð, öryggismál, menntun og atvinnu. Öll 28 aðildarríki ESB deila þessari hugmyndafræði og hafa skuldbundið sig til þess að verja hana, jafnt í Evrópu sem og um allan heim. Evrópusambandið er einstakt fyrirbæri sem finnst hvergi annars staðar í heiminum. ESB er ekki ríki, ekki ríkjasamband og ekki venjuleg alþjóðastofnun. ESB er samstarfsvettvangur 28 ríkja, samfélag meira en 500 milljón manna, sem saman vilja vinna að betri heim. Afhverju ætti Ísland ekki að vera hluti af þeirri sögu sem Evrópusambandið er að skrifa?

GETA STELPUR GETIÐ BETUR?

Óskar Steinn Ómarsson
Kannaði starfsemi Gettu Betur stúlkna

Kynjakvótar hafa oftar en ekki skapað háværa umræðu í samfélaginu, enda umdeilt tæki til að rétta hlut kvenna á ýmsum vettvangi. Næsta vor tekur gildi tímabundinn kynjakvóti í Gettu betur, þar sem ekki mega vera fleiri en tveir af sama kyninu. Þar sem kynjahallinn í keppninni er yfirleitt gífurlegur tóku nokkrar Gettu betur-kempur sig til og stóðu fyrir æfingabúðum fyrir stúlkur til að hvetja stelpur áfram á vettvangi spurningakeppna. Óskar Steinn, blaðamaður Jafnra og frjálsra, kynnti sér æfingabúðirnar.

Síðustu helgina í ágúst fóru fram fyrstu æfingabúðir Gettu betur stelpna. Tæplega 50 stúlkur tóku þátt í æfingabúðunum, en að sögn skipuleggjenda er markmið búðanna að „hvetja stelpur til dáða og gefa þeim tækifæri á að tengjast keppninni."

Rannsókn Önnu Pálu kveikti hugmyndina

„Hugmyndin að verkefninu kviknaði upprunalega út frá rannsókn sem Anna Pála Sverrisdóttir lögfræðingur vann í kynjafræði í HÍ," segir María Helga Guðmundsdóttir, einn skipuleggjenda keppninnar. „Anna Pála, sem sjálf er fyrrum keppandi, gerði úttekt á stöðu kynjanna í keppninni og ræddi við kvenkyns keppendur frá ýmsum tímum. Í umræðunum sem spruttu upp eftir það kom fram þessi hugmynd um að halda æfingabúðir til að hvetja stelpur til dáða og gefa þeim tækifæri á að tengjast keppninni og forverum sínum í henni."

Mikið hefur verið rætt um innleiðingu kynjakvóta í Gettu betur. Er hann nauðsynlegur til að auka hlut kvenna í keppninni?

„Gettu betur er mikilvægur liður í félagslífi margra framhaldsskóla og er í raun eina birtingarmynd þess sem ratar inn á flestöll íslensk heimili í gegnum sjónvarpsútsendingar. Þegar kynjahlutfallið í sjónvarpshluta keppninnar er oftast 23:1 þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Ríkisútvarpsins til að hvetja til breytinga, er nokkuð ljóst að nýrra aðferða er þörf. Kynjakvótinn sem RÚV hefur tekið upp til tveggja ára er einn liður í því að breyta menningunni í kringum keppnina og mun vonandi rjúfa þann vítahring sem hefur lágmarkað fjölda kvenfyrirmynda í keppninni. Innan nokkurra ára verður þátttaka stráka og stelpna í Gettu betur vonandi orðin hið sjálfsagðasta mál og við öll búin að gleyma því að einu sinni þóttu tvær stelpur í sjónvarpskeppni fréttaefni."

Æfingabúðirnar með raunverulegum blæ

María Helga segir við að þeim, fyrrum keppendum, fundist mikilvægast að vinna beint með stelpum á þessum aldri og gefa þeim tækifæri á að kynnast keppninni á eigin forsendum. „Það að vera fróðleiksfús, tala skýrt og koma vel fram, vera óhrædd við að gera mistök og þora að hafa frumkvæði eru allt jákvæðir eiginleikar sem stúlkur hafa ekki síður gott af að rækta en skólabræður sínir!"

Hvernig gengu æfingabúðirnar?

„Um fyrstu æfingabúðirnar verður ekki annað sagt en að þær hafi gengið vonum framar. Hátt í 50 stelpur hvaðanæva að á landinu tóku þátt, stóðu sig með glæsibrag og virtust skemmta sér vel. Aðstaðan og stuðningurinn sem Ríkisútvarpið ljáði okkur var ómetanleg og ýmsir góðir gestir, m.a. spyrill og dómari keppninnar og sigurlið ársins í ár, ljáðu búðunum sérstakan blæ. Við erum líka sérstaklega þakklátar styrktaraðilum okkar, Hlaðvarpanum - menningarsjóði kvenna á Íslandi, Landsbankanum, Landsvirkjun og Valitor, en án þeirra væri þessi hugdetta enn á fósturstiginu."

Að sögn skipuleggjenda stendur ekkert annað til en að endurtaka leikinn að ári!

Fengið af facebook síðu Gettu Betur ststelpna

5 misdramatískir stjórnmálaþættir

sem enginn áhugamaður um pólitík má missa af

Borgen

Borgen er einn af mínum uppáhaldsþáttum, en hann sameinar allt það sem maður getur óskað sér í hágæða sjónvarpsþætti, -sterka kvenfyrirmynd, pólitíska klækjaleiki og hina fögru dönsku tungu! Þættirnir fjalla um Birgitte Nyborg, formann jafnaðarmannaflokksins De Moderate, sem verður nokkuð óvænt fyrsti kvenforsætisráðherra Danmerkur eftir erfiðar kosningar þar sem flokkur hennar tapar þónokkru fylgi. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að valdatíð hennar verður enginn dans á rósum þar sem pólitískir andstæðingar og fjölmiðlamenn keppast við að gera henni og ríkisstjórn hennar lífið leitt. Ef að flókið samspil stjórnmálamanna, fjölmiðlafólks og áróðursmeistara kveikja jafn mikið í þér og mér, þá máttu ekki láta Borgen framhjá þér fara!

House of Cards

House of Cards fjalla um hinn spillta Francis Underwood, þingflokksformann Demókrata í fulltrúadeild bandaríska þingsins. Honum finnst hann svikinn af flokksforystunni og ekkert mun stoppa hann í að ná hefndum og um leið sem mestum völdum. Underwood er vondi kallinn af bestu gerð, algjörlega siðblindur, metnaðargjarn og einstaklega orðheppinn! Enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana í kænsku og útsjónarsemi nema Claire, kona hans, -og mynda þau því hið fullkomna power-teymi einstaklinga sem skilja fátt eftir sig nema sviðna jörð og líf í rúst. House of Cards er uppfullt af bolabrögðum, valdaklækjum, pólitískum hrossakaupum og valdafíkn af bestu gerð – þáttur sem engin áhugamanneskja um pólitík má missa af!

Scandal

Scandal eru þættir af pólitískum toga en fjalla þó um aðra hlið pólitíkurinnar en þættirnir hér að ofan. Þættirnir fjalla um Oliviu Pope og teymi hennar sem kemur í veg fyrir pólitíska skandala og reddar málunum áður en mál sem undir eðlilegum kringumstæðum myndi eyðileggja pólitískan feril einstaklinga. Með hverjum þættinum kynnumst við betur Pope og sambandi hennar við valdamikla einstaklinga í samfélaginu og þá aðallega forseta Bandaríkjanna; Fitzgerald Grant. Það sem fæstir vita er að karakter Pope byggir að hluta til á fyrrum fréttaritara Bush eldri sem stofnaði síðar krísustjórnunarfyrirtæki en starfar einnig sem einn af aðalpródúserum þáttarins. Hver þáttur er troðinn af spennu, drama og kynferðislegri spennu og kemur með áhugaverðan vinkil á bandarísk stjórnmál sem fáir aðrir en innstu koppar stjórnmálaflokka fá að kynnast.

Parks and Recreation

Þrátt fyrir að flestir pólitískir þættir séu hádramatískir og fjalli um kjörna einstaklinga á efstu stigum stjórnsýslunnar má enginn láta gullmola eins og Parks and Rec. fram hjá sér fara! Þættirnir fjalla um starfsmenn garðadeildar í smábænum Pawnee. Deildin er skipuð skrautlegum einstaklingum sem saman mynda einstaklega skemmtilega heild og það hefur ekki liðið einn þáttur án þess að ég gráti út hlátri, -yfirleitt oftar en einu sinni. Hjarta deildarinnar er hin duglega og klára Leslie Knope sem brennur fyrir hinu opinbera og þarf á hverjum degi að réttlæta tilvist deildarinnar og opinberra stofnanna almennt fyrir hinum geðstirða Ron Swanson, yfirmanni deildarinnar. Allir með vott af húmor og blæti fyrir Amy Poehler VERÐA að sjá þessa seríu!

Political Animals

Þátturinn Political Animals fjallar um Elaine Barrish, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, sem hefur stjórnmálaferil sinn eftir að eiginmaður hennar stígur úr embætti sínu, umdeildari sem aldrei fyrr eftir að upp komst um framhjáhald hans í forsetatíð hans. Eftir að tapa fyrir Paul Garcetti í forkosningum Demókrataflokksins tekur hún stöðu utanríkisráðherra í ríkisstjórn Garcetti. Hljómar kunnuglega ekki satt? Höfundar þáttanna virðast hafa fengið innblástur af sögu Clinton hjónanna þegar þeir sömdu þættina þó þeir byggi vissulega ekki algjörlega á þeirra sögu. Þættirnir eru dramatískir og áhugaverðir en fyrsta sería er aðeins 6 þættir. Háværar raddir hafa þó krafist áframhaldandi framleiðslu á þessum stórskemmtilegu þáttum. Spurningin er hvort höfundar þáttanna séu að bíða eftir tilkynningu Hillary um næstu skref sín í pólitík áður en þeir ráðast í að skrifa næstu seríu?

Rýnirinn:

Rósanna Andrésdóttir er tritiloður sjónvarpsglápari sem er að leggja lokahönd á stjórnmálafræði í HÍ. Rósanna er virkur jafnaðarmaður, hugrakkur femínisti og frakkur fagurkeri.



SÓLSTRANDARSÓSÍALISTARNIR

Hann var galvaskur, hópurinn, sem hélt til Möltu í ágúst til að leggja stund á jafnaðarfræðin í sleikjandi sólinni á skátatjaldsvæðinu, Ghajn Tuffieha á Möltu. Ísland og Malta eiga ýmislegt sameiginlegt; litlar eyjur við gjöful fiskimið, -þjóðir sem byggja land þar sem Evrópa endar. Það hefur því verið spennandi frægðarför fyrir þau Ásdísi Birnu, Evu Lín, Höllu, Natan, Sigrúnu og Unni, sem voru fulltrúar Ungra jafnaðarmanna á IUSY Festival. Við fengum að glugga í ferðadagbókina hennar Ásdísar Birnu, sem fór í sína fyrstu ferð á vegum Ungra jafnaðarmanna.

Pringles á slóðum Pitts
Með allt okkar hafurtask biðum við eftir strætó á leið okkar á tjaldsvæðið, í um 30-40 mínútur í steikjandi hita með vatn, Pringles og kirsuber. Þegar strætóinn loksins kom var hann sem betur fer nánast tómur og við gátum komið okkur og töskunum vel fyrir. Ekki leið þó á löngu þar til strætóinn fylltist af sólbaðsþyrstum ungmennum á leið á "Gullnu ströndina, sem er staðsett við endastöðina Ghajn Tuffieha. Þess ber að geta að Brad Pitt hefur spígsporað leðurklæddur um sandana þarna, en senur úr kvikmyndinni Troy eru teknar í Ghajn Tuffieha

Trilljón tjöld og norræn nótt
Í Ghajn Tuffieha tóku við okkur trilljón tjöld sem skipt var upp í nokkur tjaldaþorp, auk stórtjalda sem hýstu fyrirlestra og vinnustofur. Stórtjöldin og tjaldþorpin hétu eftir frægum pólitíkusum og áhrifafólki, eins og Salvador Allende-tjald, Rosa Luxemburg-tjald og Gerry Zammit-þorp.
Næstu dagar einkenndust af steikjandi hita, pólitískum umræðum, áhugaverðum fyrirlestrum, nýjum vinum, skemmtilegum vinnustofum, sósíalisma og hæfilega miklu djammi. Eitt kvöldið héldu norrænu aðildarfélögin ,,Nordic Night" þar sem fulltrúar Norðurlandanna hittust og skemmtu sér saman. DJ Sigrún Skafta sá um tónlistina ásamt Otto frá Finnlandi og kvöldið var í heild sinni mjög vel heppnað.

Barnabarn Nasisataherforingja berst gegn fasisma
Á hátíðinni var boðið upp á alls kyns vinnustofur, fyrirlestra og pallborðsumræður. Pallborðsumræðan ,,Just in Conflict: Struggling for Social Justice in Israel & Palestine" var áhugaverð, þó umræðurnar hafi verið frekar einsleitar og lítið sem hafi komið á óvart vegna þess að palestínska sendinefndin komst því miður ekki á hátíðina.
Ég vissi lítið um málefni Vestur-Sahara þegar ég gekk inn í fyrirlestrartjaldið sem hýsti fyrirlesturinn ,,Western Sahara: Africa's Last Colony" þar sem rætt var um möguleika Vestur-Sahara til að verða frjálst ríki og hvernig löndin í kring koma fram við Vestur-Sahara, en labbaði út af fyrirlestrinum mun fróðari en fyrr.
,,Fighting Racism and Facism" var einkar áhugaverð pallborðsumræða þar sem Reiner Hess, ötull talsmaður gegn rasisma og fasisma í Evrópu, tók meðal annars til máls, en hann er barnabarn Nasistaherforingjans Rudolf Hess.
Aðrar áhugaverðar vinnustofur voru til að mynda ,,Cannabis: Legalize or Criminalize?" og ,,Feminism in Development – The Bejing +20 UN Women Agenda" en mín uppáhaldsvinnustofa var án alls efa ,,Feminism in pop culture" sem var stjórnað af tveimur fulltrúum Íslands; Sigrúnu Skaftadóttur og Unni Flóvenz. Þar var okkur skipt í tvo hópa og hvor hópur fékk tvö málefni til að tala um. Flokkarnir voru femínismi í tónlist, auglýsingum, kvikmyndum og pólitík.

Við kvöddum IUSY hátíðina fróðari, tanaðri og vinafleir, en við Eva græddum haug af norskum vinum! Við erum þakklát fyrir ótrúlega vel heppnaða hátíð og hlökkum til að sækja þá næstu.
Yfir og út!

Ásdís Birna Gylfadóttir ritaði

KRATAKVISS

Innan jafnaðarmannahreyfingar rúmast ýmsar skoðanir. Oft er haft orð á því að til séu vinstri- og hægrikratar, umhverfissinnar, femínistar o.fl. En hvert þeirra skyldir þú vera? Hér er stutt og einfalt próf sem hannað er til yndisauka fremur en sannleiks.

1. Á að reisa fleiri álver úti á landi?
a. Ef það eykur velferð íbúa á svæðinu.
b. Frekar ætti að skapa iðnað sem laðar að velmenntað fólk.
c. Nei, því að skaðar jörðina.
d. Já, auðvitað, fyrir fólkið í landinu.

2. Hvað á gera við þessa Vatnsmýri?
a. Hlutlaus svo lengi sem jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu sé tryggt.
b. Nýsköpunarmiðstöð í samvinnu við háskólann og atvinnulífið.
c. Blandaða byggð þar sem umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi við
hönnun byggðar.
d. Flugvöll í Vatnsmýri.

3. Lykil Íslands að öflugu atvinnulífi er?
a. Traust heilbrigðiskerfi.
b. Lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki.
c. Græn orka.
d. Olíuvinnsla og fleiri álver.

4. Hvert er þitt draumaráðuneyti og afhverju?
a. Velferðarráðuneytið til að endurreisa velferðarkerfið eftir óstjórn íhaldsins.
b. Atvinnuvegaráðuneytið til að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf.
c. Umhverfisráðuneytið til að koma í veg fyrir olíuvinnslu.
d. Atvinnuvegaráðuneytið til að tryggja álver Bakka og berjast fyrir olíuvinnslu.

5. Hvað á að gera við 300 milljarðana sem hrægammarnir í útlöndunum gáfu þér?
a. Reysa nýjan Landsspítala.
b. Efla menntakerfið.
c. Rafbílavæða landið.
d. Tryggja öllum atvinnu.

6. Hver er framtíðaráskorun mannkyns??
a. Tryggja heilsu allra jarðarbúa.
b. Tryggja öllum í heiminum menntun við hæfi.
c. Að berjast gegn hlýnun jarðar.
d. Tryggja öllum mannsæmandi laun.

Flest A:
Velferðarkrati
Velferðarkerfið er þitt líf og yndi. Þú fórst í stjórnmál til að berjast fyrir litla manninn og trúir því af heilum hug að sterkt heilbrigðiskerfi sé hornsteinn jafnaðarstefnunnar.

Flest B:
Nýsköpunarkrati
Fjölbreyttara atvinnulíf er þitt helsta baráttumál. Trú þín er að með fjölbreyttu atvinnulífi sé hægt að koma á jöfnuði og skapa samfélag öllum til heilla.

Flest C:
Græningjakrati
Umhverfismál eru þín baráttumál. Þú telur að jafn réttur kynslóða til að nýta sér auðlindir jarðar sé mikilvægasta mál stjórnmálanna.

Flest D:
Stóriðjukrati
Atvinnumál og að tryggja öllum atvinnu er það sem þú berst fyrir. Þú vilt geta skapað eins mörg störf og hægt er. Þú trúir að það að allir hafi atvinnu leiði að sér jöfnuð í samfélaginu.

FRELSI
JAFNRÉTTI
SAMSTAÐA
TAKTU ÞÁTT Í STARFSEMI UJ
WWW.POLITIK.IS